

# Aðalfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Salur C í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

## Dagskrá:

1. Formaður setur fund og fer yfir skýrslu stjórnar
2. Fundarstjóri tilnefndur
3. Ritari tilnefndur
4. Ársskýrsla lögð fram af framkvæmdastjóra og endurskoðaðir reikningar síðasta árs
5. Tillögur að lagabreytingum
6. Kjör tveggja meðstjórnenda
7. Kjör tveggja varamanna í stjórn
8. Kjör tveggja skoðunarmanna
9. Kjör nefndarmanns í Boltasjóðsnefnd
10. Önnur mál

Mættir eru 19 félagsmenn.

## 1. Formaður setur fund og fer yfir skýrslu stjórnar

Hilmar Ingimundarson formaður Klifurfélags Reykjavíkur setur fundinn og fer yfir skýrslu stjórnar. Fer yfir árið og vísar í formannspistill í ársskýrslu fyrir áhugasama sem náðu ekki að mæta á fundinn. Þakkar starfsfólki fyrir vel unnin störf.

## 2. Fundarstjóri tilnefndur

Ágústa Gunnarsdóttir er tilnefnd af stjórn sem fundastjóri og er tilnefningin samþykkt einróma af fundargestum.

## 3. Ritari tilnefndur

Þuríður Sóley Sigurðardóttir er tilnefnd af stjórn sem ritari og er tilnefningin samþykkt einróma af fundargestum.

#### **4. Ársskýrsla lögð fram af framkvæmdastjóra og endurskoðaðir reikningar síðasta árs**

Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurfélags Reykjavíkur fer yfir ársskýrslu félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga ársins 2022. Skoðunarmenn hafa farið yfir reikninga fyrir fundinn og samþykkt þá. Farið er yfir fjárfestingakostnað við nýtt húsnæði og hækkun á leigukostnaði félagsins vegna þessa. Ítarleg umræða á sér stað um hvernig félagið ætlar að standa undir auknum kostnaði vegna Ármúla 21.

Ársreikningurinn er samþykktur einróma.

#### **5. Tillögur að lagabreytingum**

Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram, hvorki af félagsmönnum né stjórn, þetta árið.

#### **6. Kjör tveggja meðstjórnenda**

Valdimar Björnsson og Ágústa Gunnarsdóttir bjóða sig fram til áframhaldandi setu. Engin mótframboð bárust og því eru þau sjálfkjörin.

#### **7. Kjör tveggja varamanna í stjórn**

Af tveimur varamönnum síðasta starfsárs biður Emil Bjartur Sigurjónsson sig aftur fram sem varamaður en Anita Sigurbjörg Ásmundsdóttir biður sig ekki fram að nýju.

Jóhann Haraldsson biður sig fram með Emil og þar sem aðeins tvö framboð bárust í tvö varamannasæti eru þeir sjálfkjörin í stjórn.

#### **8. Kjör tveggja skoðunarmanna**

Páll Sveinsson biður sig fram til að vera áfram skoðunarmaður reikninga hjá félaginu ásamt Bjarnheiði Kristinsdóttir. Framboð þeirra eru samþykkt einhljóma.

#### **9. Kjör nefndarmanns í Boltasjóðsnefnd**

Björn Baldursson er tilnefndur sem nefndarmaður í Boltasjóðsnefnd og er það samþykkt einhljóma af fundargestum og stjórn.

## 10. Önnur mál

Rætt er um þjálfaramál og menntun innan félagsins. Félagið greiðir fyrir þjálfaranámskeið ÍSÍ og miklar framfarir hafa átt sér í þjálfun í barnastarfi.

Rætt um Miðgarð og hlutverk félagsins þegar viðkemur rekstri á honum og aðgang.

Rætt er um leiðasmíði og þá þróun að sjálfbodaliðar séu ekki lengur að setja upp. Farið er yfir ástæðurnar á bak við þessa þróun.

Fundi slitið kl. 20:10

Fundarritari: Þuríður Sóley Sigurðardóttir